

Tillaga að friðlýsingu landsvæða í Hafnarfirði.

Eins og kom fram í ávarpi bæjarstjóra í morgun samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoða aðalskipulag fyrir Hafnarfjörð á fundi sínum þann 16. maí sl. Aðalskipulagið er nú til staðfestingar hjá umhverfisráðuneytinu. Í aðalskipulaginu er m.a. lögð áhersla á að tryggja verndun svæða sem talin eru hafa mikilvæg verðmæti fyrir bæjarbúa og gesti bæjarins s.s. vegna menningarminja, útivistar, jarðmyndana, lífríkis og jafnvel alls þessa. Umhverfisnefnd Sd21 lagði nýverið til við skipulags og byggingarráð að hafist yrði handa um að friðlýsa sex svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd í samræmi við áður samþykktu endurskoðun á aðalskipulagi. Skipulags- og byggingarráð tók jákvætt í þessar tillögur. Þar með er komin viljayfirlýsing um að eftirtalin svæði verði friðlýst innan skamms og vernd þeirra tryggð til framtíðar. Góð sátt ætti að nást um öll þessi svæði bæði hvað varðar stjórnun þeirra og tegund friðlýsingar.

Fyrir eru 4 friðlýst svæði í landi Hafnarfjarðar, friðlandið Ástjórn, fólkvangurinn Ásfjall, náttúruvættið Hamarinn auk þess sem hluti Reykjanesfólkvangs er í landi bæjarins. Að auki hefur bæjarstjórn hverfisverndað þó nokkur svæði í gegnum tíðina.

Hér á eftir fer stutt lýsing á þeim 6 svæðum sem tillaga Umhverfisnefndar SD21 nær til. Á bak við mig má sjá ljósmyndir frá svæðunum. Myndirnar eru teknar af þeim Eyjólfí Sæmundssyni, Karli Þórssyni, Jónatani Garðarssyni og Guðjóni Eggertssyni og þakka ég þeim fyrir að heimila afnot af myndunum.

Ég tel fyrst upp þrjú svæði sem lagt er til að friðlýst verði sem fólkvangar og eiga það sameiginlegt að vera innan byggðar. Þar fer einnig saman verndun náttúru og menningarminja.

Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða:

Markmið er að vernda leirur og lífríki svæðisins. Aðgengi að svæðinu er gott fyrir bæjarbúa.. Í því sambandi vil ég nefna framkvæmdir við nýjan strandstíg sem mun opna aðgengi að ströndinni fyrir bæjarbúa, þar með talið lónið og fjörur höfðans og í raun gjörbylta aðstöðu bæjarbúa að stunda þar náttúruskoðun. Varðandi svæðið sem lagt er til að friðlýsa vil ég sérstaklega benda á tækifæri til fuglaskoðunar en hana má stunda árið um kring við lónið. Þangað koma gjarnan sjaldséðir gestir eins og t.d. gráhegri.

Ennfremur er svæðið ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu og vonandi að það nýtist sem slíkt fyrir nærliggjandi skóla.

Hleinar að Langeyrarmölum:

Markmiðið með friðlýsingu svæðisins sem fólkvangs er að vanda útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi ásamt náttúrulegs gróðurs í hrauninu svo sem mosa og lynggróðurs. Landið er að mestu óhreyft og þá einkum hraunbreiðurnar sem einkenna svæðið. Vernda skal náttúrulega gróðurþekju hraunsins, mosa og lynggróður. Ennfremur búsetulandslag og tóftir, fiskireiti, grjóthleðslur, gerði, garða og vagnslóða við bæina sem þarna eru.

Aðgengi að svæðinu er gott og það er því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir svæðið og nær það að hluta til yfir á land Garðabæjar (er það með vitund og samþykki Garðbæinga?).

Stekkjahraun og Lækjarbotnar.

Markmið með friðlýsingu Stekkjarhrauns og Lækjarbotna sem fólkvangs er að vernda útivistarsvæði í fögru hraunumhvefi þar sem einnig er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarminjar. Aðgengi að svæðinu er gott og það því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu. Stekkjarhraun er hluti af hraunum sem runnu í Búrfellseldum fyrir um 7000 árum og er í beinu framhaldi af Gráhelluhrauni sem mér skilst að nágrennar okkar í Garðabæ ætla að fara að friðlýsa. Hrauntungan hefur farið um þröngan farveg á milli Mosahlíðar og Setbergshlíðar.

Lækjarbotnalækur sprettur fram í lindum Lækjarbotna og rennur með hraunjaðrinum norðanverðum og markar skil á milli byggðar og útivistarsvæðisins. Við lækinn þar sem hann rennur um Stekkjarhraun má finna votlendisbletti með horblöðku og störum sem eru fágæt votlendisvist í nánd við þéttbýli. Einnig eru þarna við lækjarupptökin Lækjarbotnastífla hlaðin grjóti og torfi. Þetta eru minjar um vatnsveituframkvæmdir sem hófust 1909.

Lækjarbotnar munu vera að stórum hluta innan lands Garðabæjar og er vonandi að þeir komi til móts við okkur með því að friðlýsa þann hluta og menningarminjar sem eru í landi þeirra (til að mynda minjar um fyrstu vatnsveitu okkar Hafnfirðinga).

Þá lýsi ég þremur svæðum í upplandi bæjarins en lagt er til að þessi svæði verði friðlýst sem náttúruvætti.

Gjárnar, það eru Norðurgjá , Suðurgjá og Lambagjá:

Gjárnar eru hluti af vestari hrauntröðinni frá Búrfelli en norðurhrauntröðin er Búrfellsgjá. Markmiðið með friðlýsingu gjánna sem náttúruvættis er að vernda fagrar klettamyndanir í vestari hrauntröðinni frá hinni kunnu eldstöð Búrfelli. Á svæðinu eru einnig fornminjar sem tengjast selbúskap m.a. gömul gata, Kaldárstígur og minjar um fyrstu vatnsveitu Hafnfirðinga. Þar sem um sérsstæðar jarðmyndanir er um að ræða ásamt menningarminjum er fræðslugildi svæðisins hátt ásamt útivistargildi þar sem um vinsælt útivistarsvæði er að ræða.

Kaldárhraun:

Kaldárhraun er heillegt og óraskað helluhraun á vinsælu útivistarsvæði vestur af Helgafelli. Markmið með friðlýsingu Kaldárhrauns sem náttúruvættis er að vernda helluhraunsmyndun innan bæjarmarka Hafnarfjarðar. Kaldárhraun er eitt síðasta dæmið um heillegt helluhraun í landi bæjarins. Falleg jarðmyndun og fágæt í bæjarlandinu og hefur sem slík mikið fræðslugildi. Hraunið hefur komið úr gígum úr bakhlíðum Undirhlíða. Yngri hraun liggja að hluta til ofan á hrauninu. Þar sem hraunmyndunin er heilleg og óröskuð er fræðslugildi svæðisins hátt ásamt því að vera vinsælt útivistarsvæði í nágrenni Helgafells.

Litluborgir

Hraunborgir austur af Helgafelli. Markmið með friðlýsingu Litluborga sem náttúruvættis er að vernda jarðmyndanir, sumar hverjar einstakar innan Hafnarfjarðar. Þarna er að finna gervigíga og fallegar jarðmyndanir sem myndast hafa við að hraun hefur runnið út í stöðuvatn. Sérstæðar jarðmyndanir þar á meðal dropasteinsmyndanir og eina kunna dæmið um jarðmyndanir af þessu tagi í landi Hafnarfjarðar. Aðrar merkar og áhugaverðar myndanir á svæðinu fyrir utan dropasteina og ekki síður merkilegt er myndun kísilgúrs. Staðurinn er einstakur á þessu svæði og má lýsa honum sem smækkaðri útgáfu af Dimmuborgum við Mývatn.

Þar sem um merkar og mjög sérstæðar jarðmyndanir er að ræða er fræðslugildi svæðisins hátt en Helgafell og nágrenni þess hefur um langan tíma verið afar vinsælt útivistarsvæði.